



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.139 Málsmr 1801006 haldinn á Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri, þriðjudaginn 28. ágúst 2018 klukkan 15:00.

Mætt eru til fundar Jón Hrafn Karlsson formaður nefndarinnar, Bjarki Guðnason og Gústaf B. Pálsson. Kristbjörg Hilmarsdóttir Z-lista boðar forföll í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir. Davíð Andri Agnarsson D-lista boðar forföll í hans stað er mættur Ragnar Smári Rúnarsson. Einnig er mætt Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Margrét Ólafsdóttir er mætt fyrir hönd skipulagsfulltrúa á skype.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

Dagskrá.

1. 1805002 Breyting á aðalskipulagi í landi Efri-Víkur og Hrífunes – tillaga

Lögð fram tillaga að breytingu á skipulagsuppdraetti og greinargerð í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða breytingu þar sem gert er ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustusvæði í landi Efri-Víkur og stækkun verslunar- og þjónustusvæðis (V2) við Hrífunes.

Skipulagsnefnd samþykkir að skipulagsfulltrúi kynni tillöguna.

2. 1712009 Breyting á deiliskipulagi í Hólaskjólí

Gerð er óveruleg breyting á deiliskipulagi í Lambaskarðshólum. Breytingin felst í minnkun deiliskipulagssvæðisins.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna tillöguna skv. 2. gr.41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. 1712009 Breyting á stærð lóðar í Hólaskjólí

Gerð er breyting á afmörkun lóðar Hólaskjólís landr.221633. Lóðin er minnkuð úr 13,5 ha í 4,4 ha. Innan lóðarinnar eru 5 byggingar sem eru leitarmannahús og gistihús með fastanr. 219-0810. Lóðin er innan friðlýsts svæðis, 706 Eldgjá, og innan þjóðlendu.

Samþykkt í skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

4. 1703008 Breyting á deiliskipulagi í Efri-Vík

Gerð er tillaga að breytingu á deiliskipulagi Efri-Víkur. Sauðagata 12 og Selhólavegi 9 er breytt úr frístundabyggð í verslun og þjónustu. Bætt er við greinargerð deiliskipulagsins kafla 7.3 Verslun og þjónusta. Inni á hvorri lóð er ein bygging og ekki er gerð breyting á hámarksstærð bygginga innan lóðar.

Skipulagsnefnd samþykkir að skipulagsfulltrúi kynni tillöguna samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

5. 1707010 Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa

GBP.
RSR.
BUG
JAK

Ólafur Elvar Júlíusson verkfræðingur sótti um auglýst starf skipulags- og byggingarfulltrúa þann 18. júní sl.

Skipulagsnefnd ráðleggur sveitarstjórn að ganga til samninga við Ólaf Elvar Júlíusson um starf skipulags- og byggingarfulltrúa til eins árs í ljósi viðræðna við nágrennasveitarfélög um samstarf í skipulags- og byggingarmálum.

6. 1808002 Umsókn um byggingarlóðir – Hörður Davíðsson

Hörður Davíðsson sækir um byggingarlóðir á Kirkjubæjarklaustri eða nágrenni fyrir tvö 10 íbúða fjölbýlishús á tveimur hæðum.

Skipulagsnefnd hefur móttengið erindið. Í deiliskipulagi fyrir Skaftárvelli er að hámarki gert ráð fyrir 8 íbúða fjölbýlishúsi. Þar sem landaskiptum á jörðinni Kirkjubæjarklaustur er ólokið er ekki hægt að úthluta lóðum samkvæmt deiliskipulagi á Skaftárvöllum að svo stöddu.

7. 1808001 Umsókn um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir í Hrífunesi Landnr. 163371 – Hrafnshóll ehf.

Hrafnshóll ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir tímabundnar vinnubúðir sem samanstanda af 8 x 18m² húsum fyrir starfsmenn sem vinna við byggingu húsa á svæðinu.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins þar sem ekki liggja fyrir nægjanleg gögn og felur byggingarfulltrúa að afla frekari gagna.

8. 1807004 Breyting á deiluskipulagi í Hrífunesi

Gerð er tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Hrífunesi í Skaftártungu landnr. 163371. Breytingin felur í sér að stækka skipulagsreit V2 fyrir verslun og þjónustu þannig að götumar Stóratörfa og Mástorfa falli inni reitinn.

Skipulagsnefnd samþykkir að skipulagsfulltrúi kynni tillöguna samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið 16:30

Lai Hal Karlsson

Guðbjörg Þ. Pálsson

Reignir S. Rúnarsson

Jóna Ólafía Jónsdóttir

Þorvaldur V. Guðnason